



Reykjavík 10.02.2022

Borgarstjórn
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 9. febrúar 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda- og viðhalds, dags. 1. febrúar 2022.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skrifstofu framkvæmda og viðhalds í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að er falið að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Lagt er til að áfangaskipt aðgerðaráætlun verði unnin á árinu 2022.

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður tillögu ungmennaráðsins um að bæta aðgengi fatlaðra í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Fyrsta skrefið er að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla og skoða hvernig það er háttáð í dag. Hefja þarf verkið sem fyrst og reyna að ljúka því eigi síðar en í árslok 2022 að mati fulltrúa Flokks fólksins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir